



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 11. september 2020

SFS2020080122

192. fundur

HG/þó/geb

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um umgjörð skólalands í Víkurskóla

Á 188. fundi skóla- og frístundaráðs sem haldinn var 18. ágúst 2020 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram meðfylgjandi fyrirspurn:

Í norðanverðum Grafarvogi mun taka til starfa nýsköpunarskóli nú í upphafi nýs skólaárs. Hefur tekist að koma upp nauðsynlegri umgjörð um skólalandið þar með talið nauðsynlegum tækja- og tæknibúnaði fyrir skólann áður en skólaland hefst?

Svar:

Leitað við til Þuríðar Óttarsdóttur, skólastjóra Víkurskóla, til að afla upplýsinga um málið og er svar skólastjórans eftirfarandi:

Í Víkurskóla viljum við leggja áherslu á nýsköpun, list- og verknám, notkun tækni í skólastarfi, lýðræði og vellíðan. Undanfarið höfum við verið að viðað okkur þeim tækjum og tólum sem við viljum að séu til staðar í nýsköpunarskóla. Samkvæmt úthlutunarlíkani Reykjavíkurborgar á tölvukosti nemenda er miðað við fjölmennasta árganginn á hverju stigi. Samkvæmt því fáum við 97 nemendataeki, auk þess sem okkur var úthlutað 30 auka Chromebook tölvum í vor. Draumur okkar er að allir nemendur hafi sitt tæki helst Chromebook, en að auki sé amk 1-2 bekkjarsett af Ipad. Sá veruleiki er ekki í Víkurskóla á þessu hausti. Fram undan er hins vegar hönnun nýsköpunarstofu þar sem verður bæði hljóðver og upptökuver og hefur skólinn fjárfest í búnaði sem verður nýttur þar. Skólinn nýtir þau tæki og tól sem fyrir voru í skólunum, s.s. prentara, vínlskera, spherokúlur og þess háttar. Einnig er mikill áhugi á að Víkurskóli hýsi búnaðarbanka Mixtúru fyrir Grafarvoginn. Víkurskóli vill vera samstarfsskóli aðskólanna, Engja- og Borgaskóla þar sem aðgengi að nýsköpunarstofu, sem er vel tækjum búin, er til staðar og nemendur fái tækifæri til koma í skólann sem verður seinna þeirra skóli.

Víkurskóli sótti um styrk til Forritara framtíðarinnar og hlaut 250 þúsund króna styrk til að kaupa tæknibúnað. Þeim fjármunum hefur ekki verið ráðstafað ennþá, en verið er að meta hvernig best er að nýta þann styrk.

Allir skólar vilja meiri búnað og er Víkurskóli engin undantekning þar á. Það er von okkar og vissa að tækja- og tæknibúnaður skólans muni vaxa og dafna á komandi ári.

Virðingarfyllt

Þuríður Óttarsdóttir, skólastjóri Víkurskóla